

## REGLUGERÐ

um mörk lindans (hexacíðs) og ísómera þess í tilteknum matjurtum, smjörfitu og smjörlíkisfitu.

### I. KAFLI

#### MATJURTIR.

##### 1. gr.

Magn lindans (gamma-hexaklórcyklóhexan) í gulrófum eða káli, sem boðið er almenningi til sölu, má eigi vera meira en 1000 ng/g. Lindanmagn þetta er miðað við ákvörðun efnisins í heilum rófum eða káli með því vatni, sem í því kann að vera, þegar þess er aflað til rannsóknar hjá seljanda eða framleiðanda.

Magn ísómera lindans (alfa, — beta — og delta — hexaklórsýklóhexan) má samanlagt ekki vera umfram 50 ng/g í rófum eða káli, sem selt er almenningi og rannsakað með þeim hætti, er að framan greinir.

##### 2. gr.

Samanlagt magn lindans og ísómera þess í kartöflum, sem boðnar eru almenningi til sölu, má eigi vera meira en 50 ng/g. Er magn þetta miðað við ákvörðun efnanna í heilum kartöflum með því vatni, sem í þeim kann að vera, þegar þeirra er aflað til rannsóknar hjá seljanda eða framleiðanda.

### II. KAFLI

#### SMJÖRFITA OG SMJÖRLÍKISFITA

##### 3. gr.

Magn lindans og ísómera þess í smjöri, sem boðið er almenningi til sölu, má samanlagt ekki vera meira en 500 ng/g. Er magn þetta miðað við ákvörðun efnanna í vatnssnauðri smjörfitu, sem unnin er úr smjöri í órofum neytendaumbúðum eins og þeirra er aflað til rannsóknar hjá seljanda eða framleiðanda.

##### 4. gr.

Magn lindans og ísómera þess má samanlagt ekki vera meira en 500 ng/g í smjörlíki, sem boðið er almenningi til sölu og rannsakað er svo sem frá er greint í 3. gr.

Sömu ákvæði skulu gilda um hvers konar viðbit, sem sett er á markað í stað smjörs eða smjörlíkis, þar á meðal tólg og jurtasmjörlíki.

### III. KAFLI

#### RANNSÓKNIR OG EFTIRLIT

##### 5. gr.

Ráðherra setur reglur um sýnatöku og meðferð sýna, að fengnum tillögum Matvælarannsóknar ríkisins. Matvælarannsóknir ríkisins skulu annast rannsóknir á sýnum að höfðu samráði við eiturefnanefnd.

Heilbrigðisnefndir og Heilbrigðiseftirlit ríkisins hafa eftirlit með framleiðslu matvæla samkvæmt reglugerð þessari.

IV. KAFLI  
VIÐURLÖG OG GILDISTAKA

6. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 15. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, lögum nr. 74/1977 um Matvælarannsóknir ríkisins, lögum nr. 24/1936 um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi 1. janúar 1981.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 23. september 1980.*

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

3. október 1980.

Nr. 526.

**REGLUGERÐ**  
um lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins

I. KAFLI

Um ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins og lánaflokka

1. gr.

Ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins, sem varið skal til almennra veðlána, eru tekjur og lánsfé sjóðsins samkvæmt 9. gr. laga nr. 51/1980. Skal útlánum hagað eftir því sem ákveðið er í reglugerð þessari.

2. gr.

Lánaflokkar eru þessir:

1. Lán til kaupa eða byggingar á nýjum íbúðum.
2. Lán til kaupa á eldri íbúðum.
3. Lán til byggingar íbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistunarstofnana fyrir börn og aldraða.
4. Lán til meiriháttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á eldra húsnæði.
5. Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.
6. Sérstök viðbótarlán til einstaklinga með sérþarfir.
7. Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.
8. Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði.
9. Lán til framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.

3. gr.

Í tengslum við gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar ríkisstjórnar og fjárlög, gerir Húsnæðisstofnun ríkisins árlega áætlun um framkvæmdir á sviði íbúða- bygginga og tillögur um lánveitingar til þeirra svo og um lánveitingar til annarra þeirra viðfangsefna, sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar þessarar. Greina skal áætlaða hlutdeild eigin fjár og markaða tekna í útlánaþörfinni og nauðsynlegar lántökuheimildir, að mati stofnunarinnar. Í tillögunum skal skipta lánveitingum á einstaka útlánaflokka.